

Borgarráð

Milli- og löginneheimtþjónusta Reykjavíkurborgar – Nýting framlengingarheimildar í samningi

Þann 21. september 2017 samþykkti Borgarráð að fara í útboð vegna milli- og löginneheimtu til næstu fimm ára, frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022.

Ákveðið var að ganga til samninga við Gjaldheimtuna ehf. og Momentum greiðslu- og innheimtþjónustu ehf. um að sinna fjármálaþjónustu vegna milli- og löginneheimtu fyrir Reykjavíkurborg vegna krafna sem stofnaðar væru frá tímabilinu 1. janúar 2018 til og með 31. desember 2022. Heimilt er, að fengnu samþykki mótaðila, að framlengja samninginn tvisvar sinnum í allt að tvö ár í senn.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur til að nýta framlengingarheimild í samningnum og framlengja samninginn til næstu tveggja ára þannig að hann nái til krafna sem eru stofnaðar tímabilinu 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2024.

Greinargerð:

Gjaldheimtan ehf. og Momentum greiðslu- og innheimtþjónusta ehf. hafa sinnt fjármálaþjónustu vegna milli- og löginneheimtu af kostgæfni fyrir Reykjavíkurborg á samningstímanum og hefur samstarfið verið mjög gott. Þau hafa unnið náið með starfsmönnum borgarinnar sem sinna innheimtþjónustu og komið til móts við þarfir borgarinnar á öllum sviðum auk þess sem þau hafa lagt sig fram við að vera með jákvætt og sveigjanlegt viðmót gagnvart borgarbúum þegar kemur að greiðslu vanskilakrafna.

Þau tóku einnig að sér aukið hlutverk varðandi innheimtþjónustu á tíma heimsfaraldurs þar sem Reykjavíkurborg bauð upp á greiðsludreifingu almennra krafna til lengri tíma en áður hafði boðist auk þess sem boðið var upp á frestun ákveðinna gjalddaga fasteignagjalda vegna atvinnuhúsnaðis og síðar greiðsludreifingu fasteignagjalda vegna atvinnuhúsnaðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau hafa alfarið haldið utanum þessa samninga fyrir Reykjavíkurborg.

Fyrirtækin unnu einnig náið með borginni þegar ákveðið var að endurgreiða dráttarvexti fasteignagjalda til þeirra sem fengu samning um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara á sínum tíma. Mikil vinna var í að finna út hverjir áttu rétt á endurgreiðslu og að reikna út upphæð endurgreiðslunnar. Erfitt hefði verið að klára það verkefni nema með góðu samstarfi við Gjaldheimtuna og Momentum.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að samningurinn við Gjaldheimtuna ehf. og Momentum ehf. sé mjög hagstæður en einingaverð er það lægsta sem þekkist á markaði. Engar verðbreytingar hafa verið á samningstímanum þar sem ekki má breyta verði nema að gerðar verði breytingar á hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl., með síðari breytingum. Verði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar hækkað er verktaka heimilt að hækka verð vegna þjónustunnar þó þannig að afsláttarprósenta af hámarksfjárhæð skal aldrei vera lægri en afsláttarprósenta sem kemur fram í tilboðsskrá. Verði hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar lækkað skal verktaki lækka verð í samræmi við þá breytingu. Vísitala neysluverðs hefur á sama tíma hækkað um tæplega 19% og launavísitala um tæplega 33%, en launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður verktakans.

Ekki er víst að kostnaður myndi lækka við að fara í útboð en þegar farið var í útboð síðast, haustið 2017, bárust aðeins tvö tilboð í þjónustuna og var hitt tilboðið 138% herra en tilboð frá Gjaldheimtunni og Momentum. Kostnaður við útboð gæti einnig verið umtalsverður en það fylgir því alltaf einhver kostnaður að skipta um samstarfsaðila þar sem tengja þarf kerfi samstarfsaðila við kerfi borgarinnar og gera ýmsar aðlaganir á verklagi og skýrslum.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur því eindregið til að nýta framlengingarheimild í samningnum og framlengja samninginn til næstu tveggja ára þannig að hann nái til krafna sem eru stofnaðar tímabilinu 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2024.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs